

Ferðamálaþing Ferðamálastofu og Skipulagsstofnunar 2013

„Þetta helst“ - Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Mér var falið að segja hér nokkur orð í lok dags undir yfirskriftinni „Þetta helst“, sem vísar væntanlega til kunnuglegs frasa úr fréttum ríkisútvarpsins, „Í fréttum er þetta helst“. Án þess að ætla að endursegja það sem hér hefur komið fram í dag, þá langar mig að reyna að draga fram nokkur atriði sem ég tel helst frétt næm eftir daginn.

Fyrsta frétt er kannski hálfgerð „ekki-frétt“, og þó, en það er að ferðamál eru kannski í raun skipulagsmál og skipulagsmál ferðamál. Í það minnsta eiga skipulagsmál og ferðamál það sameiginlegt að þau eru hvorki einvörðungu mál stjórnvalda eða einkageirans, heldur mál sem stjórnvöld, borgarar og atvinnulíf þurfa að hafa sameiginlega sýn um hvernig við viljum sjá þróast. Og það þarf bæði opinbert framtak og einkaframtak að koma til, til að hreyfa málum í rétta átt.



Ferðamál og skipulagsmál eiga það líka sameiginlegt að þau þurfum við að hugsa til langs tíma, þar sem saman þurfa að fara skilningur á sjálfi og staðaranda viðkomandi staðar í fortíð, nútíð og framtíð og skilningur á mikilvægi langtímasjónarmiða um sjálfbærni og umhverfisvernd, um leið og gætt er að félagslegum og efnahagslegum hagsmunum til skemmri og ekki síður lengri tíma.

Við höfum líka verið minnt á í gegnum fróðlega sögu Julie Scott af Blackpool að örlög ferðamannastaða ráðast bæði af því hvernig við höndlum sjálf með okkar efnivið en þar spila líka inn í ýmsir ytri áhrifavaldar sem við þurfum að vera á varðbergi gagnvart.

Ethan Carr kynnti okkur fyrir því sem hann kallaði stundir sannleikans eða „moments of truth“, sem þær stundir þegar taka þarf mikilvægar og áræðnar ákvarðanir eins og til dæmis um veginn um Yellowstone sem var hannaður út frá landslagi svæðisins, í stað þess að fylgja hefðbundnum þjóðvegastöðlum, af því að vegur er ekki bara leið frá A til B heldur vettvangur til að upplifa náttúru og landslag svæðis. Og við getum spurt okkur eftir að hafa hlýtt á Sigbjörn Kjartansson segja frá skipulagsmálum við Jökulsárlón, hvort slík stund sannleikans sé framundan þar.

Ethan Carr minnti okkur líka á að upplifun ferðamannsins byrjar ekki og endar við tiltekna náttúruþerlur, eins og til dæmis Gullfoss eða Geysi. Upplifun ferðamannsins byrjar strax í Leifstöð.

Og Andri Snær Magnason, Eric Holding og fleiri fyrirlesarar dagsins hafa líka minnt okkur svo skemmtilega á að auðvitað þurfum við að vita hvernig við sjálf skiljum og metum okkar heimkynni – hvað Ísland er í okkar hugum – og við þurfum að vita hvert við viljum fara og svo þurfum við að finna út úr hvernig við komumst þangað.

Og þar kemur einmitt að kjarnanum í samspili skipulagsmála og ferðamála. Hvort sem við erum að vinna á landsvísu undir formerkjum landsskipulagsstefnu, á svæðisvísu undir merkjum svæðisskipulags, á sveitarfélagavísu að aðalskipulagi eða að útfærslu einstakra staða í deiliskipulagi, þá á skipulagsgerð einmitt að vera vettvangur þar sem ólíkir aðilar – opinberir og einka – koma

saman til að móta sýn – um það hvert við viljum fara og hvernig við komumst þangað. Þessa sýn og leiðina að henni setjum við niður á blað í skipulagsáætlun sem við notum sem leikreglur og leiðarvísi um verndun sumra staða og uppbyggingu annarsstaðar og um það hverskonar uppbyggingu við viljum sjá eiga sér stað og hvernig við viljum sjá sérkenni og staðaranda og heildarsamhengi hlutanna þróast. Þetta er umgjörðin sem á að geta skapað það sem Julie Scott kallaði hér í morgun gullin augnablik eða „golden moments“ – sem skilar ferðafólkinu aftur heim með góðar minningar og jákvæð tengsl við landið, náttúru þess og menningu. Og það sem Eric Holding kallaði „sense of warmth and wonder“ í frásögn sinni af upplifun ferðafólks af Stonehenge.

En aðalatriðið er að ferðamál eru í raun skipulagsmál og skipulagsmál eru ferðamál og það að skipuleggja með tilliti til ferðamála snýst ekki bara um göngustíga, bílastæði og snyrtingar við náttúruperlur, eða um hótél, söfn og veitingastaði. Nei, að skipuleggja með tilliti til ferðaþjónustu og ferðafólks snýst beint og óbeint um öll megin viðfangsefni venjulegrar skipulagsgerðar fyrir heimamenn – um aðlaðandi og vel hannaða byggð, um mannvænt umhverfi í bæjum og sveitum, um aðlaðandi torg og götur, um góð útivistarsvæði, um skjólsæl og sólrík svæði, um góðar tengingar milli þess þar sem fólk býr eða hefur aðsetur til skemmri tíma og þeirra staða þar sem fólk sækir þjónustu, um góðar samgöngur ólíkra ferðamáta og almennt um að hugsa sjálfbært, um að ganga ekki á auðlindina sem við viljum að ferðafólk geti komið hingað til að njóta. Ferðafólkið sem við viljum jú að komi til þess að við getum haft af því lífibrauð, auk þess sem við viljum með stolti gefa því kost á að njóta gestrisni okkar og fegurðar mannlífs og náttúru.

Ég treysti því að dagurinn í dag sé upphafið og upptakturinn að góðu og þéttu samstarfi skipulags- og ferðamálayfirvalda og annarra aðila sem tengjast þeim málaflokkum. Við höfum verk að vinna, við höfum skipulagstólin til að takast á við verkið og ég fæ ekki betur séð eftir daginn en að til staðar sé líka sá skilningur, áræði og dugur sem þarf til að koma góðu til leiðar.

Að endingu vil ég gera orð Ragnhildar Sigurðardóttur að mínum: „Framtíðin kemur ekki bara, við sköpum hana“. Og þá stefnum við ekki á að lenda í átaki Sigbjörns Kjartanssonar „Expired in Iceland“, heldur viljum við örugglega „verða samferða ferðaþjónustunni“, svo ég vísi að endingu til orða Andra Snæs Magnasonar.

Takk fyrir daginn!